

## 102. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

6. 3. 2019 kl. 8:15 – 09:45

Fundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Vilhjálmur Magnússon og ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Kristín Hermannsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson, Vilhjálmur Magnússon, Helga Árnadóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir og Olga Ingólfssdóttir.

Fjarverandi: Hrafnkell Guðnason, Katrín Jónsdóttir, Þorvarður Árnason, Ragnhildur Jónsdóttir og Eyrún Helga Ævarsdóttir

### 1. Rekstur Nýheima þekkingarseturs

Hugrún Harpa fór yfir minnisblað forstöðumans um rekstur Nýheima þekkingarseturs. Rekstrarlega stendur setrið nokkuð vel en mörg og umfangsmikil verkefni kalla á aukinn mannafla. Ágætlega hefur gengið að afla sértekna með styrkjum og samstarfssamningum um skilgreind verkefni en mikilvægt er að grunnfjármagn setursins verði aukið svo setrið geti betur sinnt þeim verkefnum sem í dag fylgir ekki fjármagn til að sinna, svo sem þjónustu við háskólanema og ýmsum samfélagslegum verkefnum.

### 2. Drög að ársreikningi

Hugrún Harpa fór yfir drög að ársreikningi, stjórn gerir ekki athugasemdir við drögin. Lokadrög ársreiknings munu koma fyrir næsta fund stjórnar.

### 3. Nýr stjórnarmaður Vatnajökulspjóðgarðs

Helga Árnadóttir gerði grein fyrir því að vegna anna sjái hún sér ekki fært að sitja áfram í stjórn Nýheima þekkingarseturs. Steinunn Hödd Harðardóttir mun taka sæti í stjórn sem fulltrúi Vatnajökulspjóðgarðs. Stjórn þakkar Helgu fyrir ánægjulegt samstarf síðustu ár og býður Steinunni Hödd velkomna.

### 4. Húsfundur vorannar

Ekki hefur verið þörf á að halda húsfund á vorönn, blásið verður til fundar ef þörf krefur. Rætt var um dag umhverfisins sem verður í apríl, forstöðumaður mun ræða efnið við fulltrúa umhverfisnefndar Nýheima og við starfsmenn ráðhúss til að vera samstíga í tímaákvörðun.

### 5. Önnur mál

Hugrún Harpa sagði frá því að starfsfólk setursins muni á næstu vikum þurfa að kynna sér og innleiða þær verklagsreglur sem lög 90/2018 um persónuvernd fela í sér. Setrið sem vinnsluaðili við próftöku háskólanema þarf að samræma verklag sitt fyrrnefndum lögum.

Kristín vakti máls á því að hún mun hætta sem stjórnarformaður á næsta ársfundi setursins. Ný stjórn verður kosin á ársfundinum, á næsta fundi stjórnar verða settar fram tillögur um skipan í embætti stjórnar.

Fundi slitið klukkan 9:30

Vilhjálmur Magnússon

Hugrún Harpa Reynisdóttir